

Hugleiðing í tilefni sjómannadags.

Sjómannadagurinn á Akranesi er haldinn hátíðlegur í sjötugasta sinn nú í byrjun júní, mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan 1939 er dagurinn var fyrst haldinn. Fyrstu áratugina var mikið um að vera og hátíðahöldin með talsvert öðru sniði en í dag, þáttaka sjómanna og raunar almennings var miklu meiri framan af enda kannski ekki óeðlilegt því þá var minna um skemmtanir og aðra afþreyingu en nú. Ávallt var skemmtun í kjölfar hátíðahaldanna á sunnudeginum og góð mæting á þær samkomur enda mikið í þær lagt hljómsveit skemmtikraftar og mikill og góður matur. Mikill spenningur var hjá sjómönnum fjölskyldum þeirra hvort menn yrðu í landi um Sjómannadag og skapaðist oft mjög góð stemming ef séð var fram á að menn yrðu í landi, fóru áhafnir þá saman á skemmtunina og var eins og samheldni og vinskapur myndaðist meðal áhafna og fjölskyldna enda oftast um heimamenn að ræða. Þegar lögleitt var að skip yrðu í landi um sjómannadag var eins og þessi stemming og spenningur minnkaði með árunum og fór svo að lokum að skemmtanir um Sjómannadag voru aflagðar á vegum Sjómannadagsráðs enda búin að vera taprekstur á þessum skemmtunum í nokkur ár og aðsóknin léleg. Þeir sem völdust í Sjómannadagsráð hin seinni ár höfðu oft á tíðum talsverðan kostnað af störfum sínum í þágu dagsins vegna þess að um sjálboðavinnu er að ræða og urðu í það minnsta einn til tveir menn að taka sér launalaust frí til þess að vinna að undirbúningi dagsins.

Hin síðari ár sérstaklega eftir að flestallir vélstjórar á Akranesi gengu í Vélstjórafélag Íslands nú VM og Skipstjóra og Stýrimannafélagið Hafþór sameinaðist inn í Félag Skipstjórnarmanna þá hafa þessi bönd losnað enn frekar. Nú er svo komið að Faxaflóahafnir hafa fellt hluta af dagskrá Hátíðar Hafsins inn í hátíðahöldin á Akranesi í samvinnu við Markaðsskrifstofu Akraness og hefur það samstarf gengið með ágætum, áður en það fyrirkomulag hóf göngu sína hafði Hafnarstjórn Akraness í samráði við Bæjarstjórn styrkt Sjómannadaginn með fjárframlagi og ýmsu öðru sem ekki útheimti bein fjárútlát.

Þrátt fyrir þessar breytingar hafa sjómenn haldið í ákveðnar hefðir sem hafa fylgt deginum lengi t.d er ennþá farið á leikskóla bæjarins föstudaginn fyrir Sjómannadag og börnunum gefinn harðfiskur og vekur það ávallt mikla lukku hjá börnunum, því miður hafa siglingar með krakkana að morgni laugardagsins á fánum skryddum skipum lagst af. Minningarathöfn er við minningarsteina um drukknada og týnda sjómenn í kirkjugarðinum að morgni Sjómannadags, að þeirri athöfn lokinni er sjómannamesa í Akraneskirkju þar sem sá siður að heiðra sjómenn hefur haldist allt frá því árið 1965 er Sr Jón M Guðjónsson óskaði eftir því við Sjómannadagsráð að hann fengi að veita sjómönnum viðurkenningu ráðsins í kirkjunni að aflokinni messu, en áður hafði sú athöfn farið fram í Bíóhöllinni, byrjað var að veita viðurkenningu Sjómannadagsráðs árið 1954. Talaði Sr Jón ávallt um að þessi athöfn í kirkjunni væri hápunktur sjómannamesunar og með ánægjulegri störfum sem hann innti af hendi enda væru þeir sem heiðraðir væru hverju sinni ákaflega þakklátir. Í sama streng hafa þeir Sr Björn Jónsson og Sr Eðvarð Ingólfsson tekið og sagt að þetta væri það sem þeir vildu síst sleppa úr messuhaldi á Sjómannadegi. Að messu lokinni er ávallt gengið fylktu liði að minnismarki sjómanna á Akratorgi og blómsveigur lagður eftir stutta athöfn. Alls hafa 139 manns verið heiðraðir á Sjómannadegi á Akranesi þar á meðal eru þeir Sr Jón M Guðjónsson og Sr Björn Jónsson einnig hafa 4 konur hlotið heiðursmerki Sjómannadagsins.

Þess má geta hér að Sr Jón var mikill áhugamaður um öryggi sjómanna og áður en hann gerðist prestur á Akranesi vann hann ásamt Jóni Bergsveinssyni að stofnun slysavarnardeilda víða um land, má því segja að Sr Jón hafi verið nátengdari sjómönnum en margur og hafi sett mark sitt á líf og störf sjómanna með afgerandi hætti og munu sjómenn frá Akranesi ætíð minnst hans með virðingu og þakklæti fyrir hans störf. Þær raddir hafa heyrst hin síðari ár að Sjómannadagurinn sé ekki svipur hjá sjón hjá því sem áður var, það má til sanns vegar færa og kemur þar margt til, einna þyngst vegur þó kostnaður við hátíðarhöldin því til þess að halda uppi þeirri dagskrá sem sumstaðar er eins og t.d í Grindavík og Patreksfirði þarf mikla peninga, atriði sem einu sinni þóttu góð með þáttöku áhorfenda og sjómanna virðast ekki höfða til almennings lengur. Enda er Sjómannadagurinn víðast kominn í samkeppni við bæjarhátíðir sem haldnar eru víðast hvar.

Varla myndi nokkrum manni detta í hug að mögulegt myndi að byggja heila sundlaug fyrir ágóða af starfi sjómannadagsins og fjáröflun á vegum minningarsjóðs og stuðningi stéttarfélaganna eins og gert var þegar Bjarnalaug var byggð en bygging hennar hófst 1939 og var hún afhent bænum á sjómannadegi árið 1944. En tildrög þess að laugin var byggð voru þau að mikið sjóslýs átti sér stað í Teigavör á Akranesi þann 19 febrúar 1939 en þá fórst Bjarni Ólafsson skipstjóri ásamt þremur öðrum skipverjum af Línuveiðaranum Ólafi Bjarnasyni en aðeins tveir komust af og var annar þeirra syndur, mennirnir voru á leið til lands á léttbát. Á þessum árum var hafnaraðstaða á Akranesi ekki með þeim hætti sem síðar varð og bátarnir þurftu að liggja við legufæri. Um byggingu laugarinnar og slysið má lesa í grein Herdísar Ólafsdóttur sem hún skrifaði í afmælisrit sjómannadagsins árið 1979. Ekki er hægt að fjalla um Sjómannadaginn á Akranesi án þess að minnst á kaffisölu Kvennadeildar Slysavarnarfélagssins á Sjómannadegi en það hefur verið þeirra aðal tekjuöflun sem þær hafa síðan notað til hinna ýmsu verkefna og hafa látið gott af sér leiða varðandi öryggi sjómanna og annarra. Hefur samstarf Sjómannadagsráðs og Kvennadeildarinnar frá upphafi verið mjög farsælt og verður vonandi áfram. Björgunarsveitin Hjálpin sem heitir nú Björgunarfélag Akraness hefur ávallt unnið mikið og óeigingjarnt starf við undirbúning og framkvæmd dagsins og er erfitt að sjá fyrir sér hvernig hægt hefði verið að halda utanum dagskrána án þeirra aðstoðar og kunna sjómenn á Akranesi þeim hinar bestu þakkir fyrir samstarfið. Vonandi á Sjómannadagurinn eftir að vaxa til vegs og virðingar á ný, því eins og staðan í þjóðfélaginu er nú um stundir verður sjávarútvegurinn nú sem fyrr það ankeri sem þjóðin býr að, því það hefur sennilega aldrei verið ljósara að sjávarútvegurinn er það sem við höfum byggt okkar velferð á sem þjóð að stærstum hluta, þrátt fyrir að það hafi gleymst um stund þegar glópagullið skein sem skærast í augum bankastjóra og útrásarvíkinga og tekjur af sjávarútvegi þótti skiptimynt í buddu þessara höfðingja.